

Niðurstöður úr könnun til foreldra barna í grunnskólum í Reykjavík - mars 2026

Framkvæmd

Annað hvert ár leggur Skóla- og frístundasvið fyrir kannanir á viðhorfum foreldra barna á grunnskólaaldri til starfsemi grunnskólans, frístundaheimila og félagsmiðstöðva. Í ár var könnunin lögð fyrir í mars mánuði. Vísar rannsóknir ehf. sá um fyrirlögnina en úrvinnslan er í höndum skóla- og frístundasviðs.





Þátttakendur

Tekið var úrtak samtals 7762 barna í grunnskólum í Reykjavík og könnun send á foreldra og forsjáraðila þeirra. Aðeins ein könnun var send á hvert heimili, það þýðir að ef systkin sækja grunnskóla var aðeins send könnun vegna eins þeirra. Könnunin er fyrst send á annað foreldri valið af handahófi, ef það svaraði ekki innan gefins tímaramma var könnunin send á næsta foreldri

Alls söfnuðust svör fyrir 5.645 börn og var því svarhlutfallið um 73%.

Framsetning og túlkun

Niðurstöður flestra spurninga eru birtar sem hlutfallsleg dreifing svara en jafnframt eru gefið meðaltal yfir þær spurningar sem eru á 5 punkta svarkvarða. Kvarðinn fer frá 1 upp í 5 þar sem hærri tala er ávallt ákjósanlegri.



Reykjavík

Foreldrakannanir - Grunnskóli

Svarhlutfall og bakgrunnur barnanna

Skóli: Skóli Ísaks Jónssonar


Ár: 2026

92
Fjöldi svara

119
Fjöldi í úrtaki

77.3%
Svarhlutfall

Kyn eins og skráð er í mentor




Skólastig eins og skráð er í mentor



Athugið:
Niðurstöður eru ekki brotnar niður eftir bakgrunnsbreytum ef 5 eða færri svör eru að baki hverju svari

Tungumála bakgrunnur skv. svörum foreldra




Reykjavík

Foreldrakannanir - Grunnskóli

Skóli: Skóli Ísaks Jónssonar

Ár: 2026

Helstu niðurstöður - Barnið og líðan




Reykjavík

Foreldrakannanir - Grunnskóli

Skóli: Skóli Ísaks Jónssonar

Ár: 2026

Helstu niðurstöður - Nám og kennsla




Reykjavík

Foreldrakannanir - Grunnskóli

Skóli: Skóli Ísaks Jónssonar

Ár: 2026

Helstu niðurstöður - Stjórnun skólans




Reykjavík

Foreldrakannanir - Grunnskóli

Skóli	Ár
Skóli Ísaks Jónssonar	2026

Barnið og líðan - meðalskor




Reykjavík

Foreldrakannanir - Grunnskóli

Skóli: Skóli Ísaks Jónssonar

Ár: 2026

Nám og kennsla - meðalskor




Reykjavík

Foreldrakannanir - Grunnskóli

Skóli: Skóli Ísaks Jónssonar


Ár: 2026

Stjórnun skólans- meðalskor



Breytingar frá fyrra ári - meðalskor spurninga

Skóli: Skóli Ísaks Jónssonar
Ár: 2026



Þróun meðalskors - Líðan í skólanum


Skóli: Skóli Ísaks Jónssonar

Ár: 2026


Þróun meðalskors

Reykjavík alls | Valinn skóli


Agi í skólanum er góður




Barnið mitt fær góðan stuðning frá kennurum sínum




Barnið mitt fær góðan stuðning frá öðru starfsfólki skólans




Barninu mínu er mætt með sanngirni í skólastarfinu




Barninu mínu finnst það vera öruggt í skólastarfinu




Barninu mínu líður vel í skólanum




Í skólastarfinu er lögð áhersla á að efla sjálfstraust barnsins



Samskipti mín við starfsfólk um líðan og hegðun barnsins eru góð



Skólinn tekur fljótt og vel á stríðni og einelti



Þróun meðalskors - Nám og kennsla


Skóli: Skóli Ísaks Jónssonar

Ár: 2026


Þróun meðalskors

Reykjavík alls | Valinn skóli


Barnið mitt er áhugasamt um að læra í skólanum**




Barnið mitt er hvatt til þess að leggja sig fram í náminu




Barnið mitt tekur stöðugum framförum í náminu




Ég fæ góðar og leiðbeinandi upplýsingar um námsárangur barnsins með reglubundnum hætti*



Ég fæ góðar upplýsingar um námsmarkmið barnsins með reglubundnum hætti*



Ég hef tekið þátt í að setja barninu markmið í námi



Þróun meðalskors - Stjórnun skólans


Skóli: Skóli Ísaks Jónssonar

Ár: 2026


Þróun meðalskors

Reykjavík alls Valinn skóli


Ábendingar mínar eru teknar til greina




Ég get mælt með skólanum við aðra foreldra




Ég þekki stefnu og gildi/einkunnarorð skólans




Skólanum er vel stjórnað




Skólastjórnendur eru til staðar í daglegu starfi**




Skólinn/kennarinn leitar til foreldra eftir tillögum og hugmyndum*



Það er gott upplýsingaflæði um skólastarfið



Þegar á heildina er litið, er ég ánægð(ur) með skólann





Reykjavík

Foreldrakannanir - Grunnskóli


Skóli: Skóli Ísaks Jónssonar

Ár: 2026


Sérúræði og/eða sérstök aðstoð

vegna náms-, hegðunar- eða annarra örðugleika í skólanum

Hefur barnið notið sérrúæðra/sérstakrar aðstoðar



Um sérrúræði/sérstaka aðstoð



Reykjavík | Foreldrakannanir - Grunnskóli

Skóli: Skóli Ísaks Jónssonar | Ár: 2026

Sérúræði og/eða sérstök aðstoð

vegna náms-, hegðunar- eða annarra örðugleika í skólanum

Sérúræði og/eða sérstök aðstoð - opið svar

Allt of mikil áhersla og áhugi á greiningum fyrir krakka í 5 ára bekk. Maður fær á tilfinninguna að kennarar vilji fleiri en færri í greiningarferli til að fá fleiri aðstoðarkennara.

Bara frábært að það sé fylgst svona vel með barninu og því er hjálpað

Ég hefði viljað að gripið væri inn í aðeins fyrr

Höfðum smá áhyggjur þar sem sonur okkar gat ekki sagt R og S-ið aðeins bjagað. Viðruðum þessar áhyggjur um vor minnir mig og sóttum eftir aðstoð talmeinafræðings. Þetta var sett í ferli og hann settur í mat með sérfræðingi sem útskrifaði hann svo haustið á eftir minnir mig. Hann lærði reyndar að segja skýrt R og S þarna um sumarið en við fundum vel hvað var tekið fagmannlega á þessu, við boðuð á fund með þremur sérfræðingum minnir mig og fengum skýrslu um stöðuna. Sem við þurftum ekki að hafa áhyggjur af. Það var mjög gott að hafa vissu fyrir því.

not sure it it fits here , big thanks to Matti who is insuring save arrival and drop off in the morning in whatever weather with a smile and helping hand 🙏

Samskiptin milli kennara og foreldra var lítil sem enginn eftir að ákveðið var að setja barnið í ferli, einu skilaboðin sem við fengum voru nokkur orð í gegnum lestrarhefti barnsins

Sérstaka aðstoðin var boðin eftir að skólinn hafði framkvæmt námsmat, sérúrræðið var vel kynnt bæði á fundi og síðar á frekari kynningu fyrir foreldra áður en úrræðið hófst. Öll samskipti hafa verið skýr, markviss og hvetjandi. Eftir að ég óskaði eftir sérstakri aðstoð fyrir barnið var málið tekið fyrir og sett í viðeigandi ferli til að styðja við það. Samskipti hafa einnig verið mjög góð og skýr í tengslum við það mál sem er enn í ferli. Þakklæti er mér efst í huga hvernig þau hafa tekið á þessum málum með mýkt og öruggri leiðsögn.

Sérúrræðin eru gegnum tölvu, vildi frekar hafa það að sérkennari er á staðnum / eða barnið fer til hans.


til stóð að nemandinn ætti að fara á félagsfærnisnámskeið í skólanum en það byrjaði aldrei og á endanum var svarið að ekki væri tími til að halda námskeiðið útaf því að starfsmaðurinn væri upptekin í námi utan skólans. Persónulega finnst mér það ekki gott að ekki sé til starfsfólk til að halda þessi námskeið.

Það var vel tekið á málum í Ísaksskóla, barnið greint með lesblindu. Eftir lok Ísaksskóla fór barnið í [redacted] og ekkert er gert til að aðstoða barnið í náminu með tilliti til lesblindu. Mjög sorgleg staða og engin eftirfylgni í gangi. Úrræðaleysi, stefnuleysi.

Skipting milli skólastiga


Skóli: Skóli Ísaks Jónssonar
Ár: 2026

Hvernig gengu skiptin milli skólastiga?




Hlutfall þar sem skólaskipti gengu vel:

Eftir kyni



Eftir tungumálabakgrunni



Skipting milli skólastiga - opið svar

Löng saga um leikskólaskipti með stuttu millibili

95.6%

gekk vel

Reykjavík | Foreldrakannanir - Grunnskóli

Skóli: Skóli Ísaks Jónssonar | Ár: 2026

Opin svör - komið á framfæri

Sérúræði og/eða sérstök aðstoð - opið svar

Það ætti að fara að huga að því að [redacted] kennari í Ísaksskóla hljóti fálkaorðuna fyrir störf sín, metnaður, fagmennska og nákvæmni sem er engri öðru lík. Fyrirmynd í mikilvægasta starfinu sem vert er að taka eftir.

Það vantar að koma upp blámáluðu P-merktu stæði fyrir fatlaða ásamt því að skera fláa í kanntsteininn fyrir hjólastóla.

Það mætti skoða að styðja betur við þá nemendur sem eru komnir lengra en bekkurinn í ákveðnum fögum eins og td stærðfræði. Mínu barni leiðist auðveldlega ef það fær ekki verkefni við hæfi eða það sem það telur vera of létt

Við teljum það gífurlega lukku að fá að vera með barn í Ísaksskóla. Að allir starfsmenn heilsi og þekki barnið með nafni og foreldrar hittist þar á hverjum föstudegi er meðal þess sem er ótrúlega dýrmætt.

Við erum virkilega ánægð með hlýjuna, agann, utanumhald, samskipti við starfsfólk og kennslu skólans. Okkur þótti vanta upp á að vera upplýst um hvaða framkvæmdir eiga sér stað í skólanum, skyndilega er einn útgangur ekki lengur notaður og búið að plasta á milli, við höfum enn ekki hugmynd um hvað er í gangi þarna á 6 ára ganginum. Það hefur líka verið smá upplausn varðandi raðirnar á morgnana úti, vitum ekki alveg hvort börnin eigi að fara í röð og bíða eftir kennaranum, finnst eins og flestir fari beint inn. Það mætti kannski skerpa á hvernig þessu er háttað. Svo er líka spurning með morgunsöng á föstudögum, hvort það mætti einhverntímann vera uppbrot, svo sem að bara aðstandendur 5 og 6 ára komi og vikuna á eftir 7-9 ára aðstandendur eða eitthvert svona skipulag. Þetta er yndisleg stund en býr líka til mikið streituástand á föstudagsmorgnum vegna troðnings í salnum og samviskubit foreldra að komast ekki í hverri viku.

Skólinn hefur tekið frábærlega á þeim málum sem hafa komið upp alla skólagöngu barnsins. Þau hafa veitt stöðugt og gott umhverfi fyrir sveiflukenndan einstakling sem hefur eingöngu jákvæða upplifun af skólanum, þrátt fyrir einstaka erfiðleika. Yndislegt umhverfi sem samanstendur af frábæru starfsfólki undir góðri handleiðslu sem vinnur allt að sama markmiði með nemendur í fyrirrúmi.

Skóli barnsins míns er til fyrirmyndar. Við erum hæstánægð og viljum hvergi annarsstaðar vera.

Skólavistin er eins og fram kemur í svörunum almennt séð mjög góð upplifun fyrir bæði foreldra og barn (er fullviss um að hitt foreldrið myndi svara í stórum dráttum því sama og ég).

Ógagnsætt kerfi varðandi námsárangur. Maður skilur ekkert hvar barnið manns stendur miðað við jafnaldra.

Mjög fagmannlegt skólastarf í Ísaksskóla, agi og festa (á góðan hátt). Gott að finna það.

Mjög ánægð með skólann og þjónustan til fyrirmyndar

Reykjavík

Foreldrakannanir - Grunnskóli

Skóli: Skóli Ísaks Jónssonar

Ár: 2026

Opin svör - komið á framfæri

Sérúræði og/eða sérstök aðstoð - opið svar
Að Reykjavík láti séreignastofnanir líkt og Ísaksskóla afskiptalausa og treysti skóla fyrir að velja þá nemendur sem henta best skólanum. Það er ekki þannig að öll börn passi alls staðar. Ástæða fyrir því að við völdum Ísaksskóla fyrir börnin okkar er einmitt sú sérstaða að þar hafa ekki verið öll börn tekin inn
dream of a school, always a smile and open ears when something is coming up , incredible supportive and kind teams of professionals and young fristund teachers
Eina sem ég myndi vilja sjá bætt er einstaklings samskipti foreldris og kennara, við fáum fjöldapóst einu sinni í viku um starfið en aldrei neitt um barnið sem einstakling eða hvernig því fer fram í starfinu eða hvernig einstök mál eru að ganga.
Frammŭrskarandi skóli.
Frábær skóli í alla staði
Frábær skóli og vel hugsað um börnin og vel haldið utan um skólastarf og börnin. Hann á yndislegan umsjónarkennara og mikið gert fyrir börnin
Frábær skóli, persónuleg og yndisleg upplifun af öllu starfsfólki sem þekkir öll börn með nafni.
Ísakskóli er frábær
Ísaksskóli er frábær í alla staði og stendur upp úr í samanburði við aðrar sambærilegar menntastofnanir. Starfsemi skólans einkennist af metnaði, fagmennsku og hlýju umhverfi þar sem velferð og þroski nemenda er í forgrunni. Kennarar og starfsfólk vinna af mikilli alúð og skapa jákvætt og hvetjandi námsumhverfi sem stuðlar að sjálfstæði, ábyrgð og gleði í námi. Skólinn hefur með skýrum hætti sýnt að hægt er að byggja upp öflugt skólasamfélag þar sem gæði, virðing og framsækni fara saman. Ísaksskóli er því ekki aðeins góður skóli heldur fyrirmynd sem vert væri að líta til. Reykjavíkurborg ætti að skoða rekstur og starfshætti skólans sem viðmið fyrir aðrar menntastofnanir og nýta þann árangur og þá reynslu sem þar hefur skapast sem innblástur fyrir frekari þróun skólastarfs í borginni. Með því mætti styrkja enn frekar gæði menntunar og tryggja að fleiri nemendur fái að njóta þess árangursríka og uppbyggilega námsumhverfis sem Ísaksskóli hefur skapað.
Ísaksskóli er frábær skóli!
Lifi einkaframtakið